



## Fundargerð

**528. fundur sveitarstjórnar Skaftárhrepps**  
**haldinn í fundaraðstöðu Kirkjubæjarstofu þekkingarseturs Klausturvegi 4, 2. hæð,**  
**fimmtudaginn 26. febrúar 2026.**

### Fundinn sátu:

Jóhannes Gissurarson, Björn Helgi Snorrason, Gunnar Pétur Sigmarsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Bergur Sigfússon, Auður Guðbjörnsdóttir, Sveinn Hreiðar Jensson og Einar Kristján Jónsson.

**Fundargerð ritaði:** Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna til fundar og setti fundinn klukkan 9:00

### Fundargerðir:

1. 2602004F - Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps - 13  
**Lögð fram fundargerð 13. fundar Skipulags- og umhverfisráðs Skaftárhrepps frá 23. febrúar 2026.**
  - 1.1 2510002 - Miðsvæði Kirkjubæjarklausturs-deiliskipulag  
**Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps - 13**

Skipulags- og umhverfisráð samþykkti í einu hljóði, framlagða tillögu og leggur til við sveitarstjórn að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga.

**Sveitarstjórn staðfestir í einu hljóði ákvörðun Skipulags- og umhverfisráðs Skaftárhrepps.**
  - 1.2 2602023 - Loftslagsstefna Skaftárhrepps  
**Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps - 13**

Guðný Káradóttir, teymisstjóri hjá VSÓ Ráðgjöf og verkefnastjóri vegna loftslagsstefnu Skaftárhrepps, kynnti verkefnið fyrir Skipulags- og umhverfisráði.
2. 2602019 - Skaftárorka ehf.  
*Lögð fram fundargerð 2. fundar stjórnar Skaftárorku ehf. frá 19. febrúar 2026.*  
**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**
3. 2602015 - Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu  
*Lögð fram fundargerð 96. fundar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu frá 27. janúar 2026 ásamt gjaldskrá fyrir heimaþjónustu.*  
**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**



4. 2602010 - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS)  
*Lögð fram fundargerð 633. fundar stjórnar SASS, frá 6. febrúar 2026.*  
**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**
5. 2602011 - Bergrisinn bs.  
*Lögð fram fundargerð 91. fundar stjórnar Bergrisans bs. frá 3. febrúar 2026.*  
**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**
6. 2602012 - Arnardrangur hses.  
*Lögð fram fundargerð 25. fundar stjórnar Arnardrangs hses. frá 3. febrúar 2026.*  
**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**
7. 2602014 - Heilbrigðiseftirlit Suðurlands  
*Lögð fram fundargerð 251. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 28. janúar 2026 ásamt bréfi, dagsettu 29. janúar 2026, vegna frumvarps um afnám heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga.*  
**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**

#### Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

8. 2602009 - Almanna- og Almanna- og Vestur-Skaftafellssýslu  
**Lagt fram bréf, dagsett 18. febrúar 2026, þar sem óskað er eftir samþykki sveitarstjórnar Skaftárhrepps á fjárstyrk úr sjóðum Almanna- og Almanna- og Vestur-Skaftafellssýslu. Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir í einu hljóði fjárframlagið fyrir sitt leiti.**
9. 2602013 - Rekstraraðilar Félagsheimilisins Fossbúðar  
**Lagt fram bréf, dagsett 26. janúar 2026 frá rekstraraðilum Félagsheimilisins Fossbúðar, Ytri-Skógum. Oddviti gerði grein fyrir málinu og mun málið vera tekið upp við aðra eigendur Ytri-Skóga.**

Björn Helgi Snorrason, vék af fundi undir lið 10.

10. 2602016 - Björgunarsveitin Kyndill  
**Oddviti lagði fram drög af samstarfssamningi við Björgunarsveitina Kyndil. Um er að ræða endurnýjun á samstarfssamningi sem rann út 3. janúar síðast liðinn. Styrkur Skaftárhrepps er um 650.000 krónur, ásamt því að fella niður fasteignagjöld af eign Björgunarsveitarinnar Kyndils. Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir í einu hljóði, framlagðan samning fyrir sitt leiti og felur sveitarstjóra að vinna málið áfram.**

BHTS  
Ah  
Shi J.S.  
BS  
1703



Jóhannes Gissurarson, vék af fundi undir lið 11. Björn Helgi Snorrason, tók við stjórn fundarins.

11. 2602017 - Björgunarsveitin Lífgjöf

**Varaoddviti lagði fram drög af samstarfssamningi við Björgunarsveitina Lífgjöf. Um er að ræða endurnýjun á samstarfssamningi sem rann út 3. janúar síðast liðinn. Styrkur Skaftárhrepps er um 650.000 krónur. Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir í einu hljóði framlagðan samning fyrir sitt leiti og felur sveitarstjóra að vinna málið áfram.**

Jóhannes Gissurarson, oddviti tók við stjórn fundarins að nýju.

Auður Guðbjörnsdóttir og Bergur Sigfússon véku af fundi undir lið 12.

12. 2602018 - Björgunarsveitin Stjarnan

**Oddviti lagði fram drög af samstarfssamningi við Björgunarsveitina Stjörnuna. Um er að ræða endurnýjun á samstarfssamningi sem rann út 3. janúar síðast liðinn. Styrkur Skaftárhrepps er um 650.000 krónur, ásamt því að fella niður fasteignagjöld af eign Björgunarsveitarinnar Stjörnunnar. Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir í einu hljóði, framlagðan samning fyrir sitt leiti og felur sveitarstjóra að vinna málið áfram.**

13. 2602021 - Ungmennafélagið ÁS

**Oddviti lagði fram bréf dagsett, 18. febrúar 2026 frá Ungmennafélaginu ÁS. Í bréfinu óskar Ungmennafélagið eftir viðræðum við sveitarfélagið um áframhaldandi þjónustusamning, þar sem fyrri samningur rann út 31. desember síðastliðinn. Sveitarstjórn samþykkir í einu hljóði, að fela oddvita og sveitarstjóra að ræða við stjórn Ungmennafélagsins eins og fram kom á fundinum.**

14. 2602022 - Félagsheimilið Kirkjuhvoll

**Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Sveitarstjóri lagði fram uppkast af teikningum af stækkun á Félagsheimilinu Kirkjuhvoli. Sýnir sú teikning stækkun allt að tíu metrum til vesturs og verður gerður kvistur á efri hæð og lyfta sett í húsið. Sveitarstjórn samþykkir í einu hljóði að sveitarstjóri haldi kynningarfund fyrir íbúa til að fá frá þeim þeirra sjónarhorn á mögulegar breytingar.**

BHS Ah  
Ski 2.9.  
BS



Fundargerð yfir lesin,  
fleira ekki gert,  
fundi slitið kl. 10:42.

Jóhannes Gissurarson  
Jóhannes Gissurarson

Björn Helgi Snorrason  
Björn Helgi Snorrason

Bergur Sigfússon  
Bergur Sigfússon

Auður Guðbjörnsdóttir  
Auður Guðbjörnsdóttir

Sveinn Hreiðar Jensson  
Sveinn Hreiðar Jensson